

**Sp. 62. Tillaga til þingsályktunar [58. mál]**

um kostnaðaráætlun við vegagerð í Mánárskriðum.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson, Gunnar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um kostnað við vegagerð niðri við sjó í Mánárskriðum á Siglufjarðarvegi.

**Greinargerð.**

Þegar Siglufjarðarvegurinn nýi var lagður, var það eitt mesta átak, sem gert hafði verið í vegagerð á Íslandi. Þó var sá hængur á þeirri framkvæmd, að vegna kostnaðar var vegurinn á einum stað, þ. e. a. s. í Mánárskriðum, lagður hátt uppi í fjalli, þótt hann annars staðar liggja niðri á láglandi. Í fréttum heyra menn oft um það rætt, að Siglufjarðarvegur sé lokaður í Mánárskriðum. Þessi vegarkafli er örstuttur, en þó nægilega langur til að teppa alla umferð við Siglufjörð margsinnis á hverjum vetri.

Þegar lokið verður nýbyggingu Siglufjarðarvegar í Fljótum, sem er á næsta leiti, verður Siglufjarðarvegur jafngreiðfær og aðrir vegir í byggð á Norðurlandi, að öðru leyti en því, að haft er í Mánárskriðum. Sú dýra framkvæmd, sem Siglufjarðarvegur er, nýtist ekki til fulls, fyrr en úrbætur hafa verið gerðar á þessu.

Samkvæmt upplýsingum verkfræðinga Vegagerðar ríkisins benti lausleg kostnaðaráætlun til þess, að vegagerð niðri við sjó í Mánárskriðum væri svo dýr, að ekki væri unnt að ráðast í hana, þegar vegurinn var lagður, heldur yrði það að biða seinni tíma. Þess er líka að gæta, að núverandi vegur er ekki gagnslaus, þótt nýr vegur verði lagður neðar í Mánárskriðum, því að hann er mikil vörn gegn grjótlugi og skriðum.

Eðlilegt er, að nú verði gerð kostnaðaráætlun um þessa vegagerð og afstaða tekin til málsins, þegar hún liggur fyrir.